

Eftirlifandi maki fyrrverandi forseta Alþingis á rétt á viðbótargreiðslu sem nemur helmingi þess réttindahlutfalls af ráðherralaunum sem forsetinn hafði aflað sér skv. 5. mgr. 3. gr. laganna, auk 20% nema makinn eigi jafnframt rétt í ráðherradeild sjóðsins.

Eftirlaun maka fylgja þingfararkaupi alþingismanna eins og það er á hverjum tíma og eru sá hundraðshluti þess sem eftirlaunaréttur skv. 2.–4. mgr. þessarar greinar segir til um.

Reglur 4.–7. mgr. 14. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins skulu gilda um makalífeyri alþingismanna eftir því sem við á.

4. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um börn eða kjörbörn varaþingmanna nema þingseta varaþingmanns hafi varað a.m.k. tvö ár samanlagt.

5. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði a-liðar 1. gr. gilda frá 1. júlí 1995.

Ný ákvæði 4. og 5. gr. laganna skerða ekki rétt þeirra er við gildistöku þessara laga taka maka- eða barnalífeyri úr sjóðnum eða hafa þá öðlast rétt til slíkrar greiðslu.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað „1. maí 1995“ í lok ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum kemur: 1. september 1995.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögnum orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., heimilt að ákveða að til ársloka 1996 skuli styrkur vegna úreldingar krókabáta vera hærra hlutfall af húftryggingarmati en gildir um önnur skip og getur styrkurinn ákveðist hærri vegna krókabáta á sóknardögum en vegna krókabáta á þorskaflahámarki. Jafnframt er heimilt að ákveða að til 1. október 1996 geti úr-

eldingarstyrkur vegna krókabáta á sóknardögum numið að hámarki 80% af húftryggingarverðmæti en að hámarki 60% af húftryggingarverðmæti vegna krókabáta á þorskaflahámarki. Á sama tímabili er Þróunarsjóði heimilt að kaupa krókabáta sem hafa verið úreltir. Getur sjóðurinn m.a. notað þá til þróunarverkefna erlendis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört 19. júní 1996.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Haraldur Henrýsson.

Þorsteinn Pálsson.